



Borgarráð

Vogabyggð – Fleyvangur.

Nýr samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili, félagsmiðstöð ásamt göngu- og hjólabrú.

Kynnt er í borgarráði niðurstaða opinnar hönnunarsamkeppni vegna byggingar á nýjum samþættum leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð og nýrri göngu- og hjólabrú á Fleyvangi.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 3. júní 2021 að efna til opinnar hönnunarsamkeppni um byggingu á nýjum samþættum leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð og nýrri göngu- og hjólabrú á Fleyvangi.

Samkeppnin var tveggja þrepa og alls bærust 24 tillögur. Fimm tillögur voru valdar áfram til frekari vinnslu á seinna þrepi. Samkeppnin var framkvæmdasamkeppni um heildarlausn mannvirkisins í samræmi við keppnislýsingu, skýringamynd, rýmisáætlun og fleiri gögn. Dómnefnd valdi til 1. verðlauna tillögu *Úti og inni arkitekta* í samstarfi við *Landform* landslagsarkitekta.

Byggingin tengir saman bakka Vogabyggðar og skólalóðina að Fleyvangi sem bogalaga „brú“ yfir sýkið. Landsvæði Fleyvangs undir skólalóð og almenningssvæði er þannig hámarkað og þar verður fjölbreytt útvistar- og leiksvæði fyrir skólann og almenning. Meðfram ytra byrði byggingarinnar er jafnframt göngu- og hjólabrú með hámarks halla 1:20 sem tengist beint hjóla- og göngustígakerfi borgarinnar. Á þakinu verður þakgarður sem gönguleið með miklu útsýni og fjölbreyttum svæðum til ýmissa athafna s.s. líkamsrækt, íþróttaleikja, kennslu, gróðurræktunar o.fl. Á völdum stöðum á þakinu verða jafnframt inngangar niður í skólann.

Eftirfarandi áfangaskipting er fyrirhuguð:

1. áfangi: Leikskóli og yngsta stig grunnskóla ásamt frístundheimili 1 – 9 ára.
Göngu- og hjólabrú. Heildarstærð samtals 4.850 m²
2. áfangi: Grunnskóli miðstig og unglingastig 10 – 15 ára ásamt félagsmiðstöð. Heildarstærð samtals án íþróttarýmis 2.600 m²
Íþróttamiðstöð heildarstærð 1.200 m²

Heildarstærð 1. og 2. áfangi með íþróttamiðstöð 8.640m²

3. áfangi: Möguleg stækkun 1.300 m²

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Hjálagt:

- Dómnefndarálit <https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-04/fra-0424-11-samkeppni-vogahverfi-vefur.pdf>



Vogabyggð - Fleyvangur

Samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð og ný göngu- og hjólabrú á Fleyvangi

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

- Byggingin tengir saman bakka Vogabyggðar og skólalóðina að Fleyvangi sem bogalaga „brú“ yfir sýkið.
- Landsvæði Fleyvangs undir skólalóð og almenningssvæði er þannig hámarkað og þar verða fjölbreytt útvistar- og leiksvæði fyrir skólann og almenning.
- Meðfram ytra byrði byggingarinnar er jafnframt göngu- og hjólabrú með hámarks halla 1:20 sem tengist beint hjóla- og göngustígakefi borgarinnar, fyrir þá sem vilja ferðast framhjá hjólandi, gangandi eða í hjólastól. Þannig virkar byggingin öll sem brú fyrir allskyns ferðamáta.
- Á þakinu verður einstakur þakgarður sem gönguleið með miklu útsýni og fjölbreyttum svæðum til ýmissa athafna s.s. líkamsrækt, íþróttaleikja, kennslu, gróðuræktunar o.fl.
- Á völdum stöðum á þakinu verða jafnframt inngangar niður í skólann. Þannig skapast fjölbreyttir ferðamátar um og yfir bygginguna, á alla vegu.



Lýsing á framkvæmd - áfangaskipting

“Skólabrú” skiptist í tvo tveggja hæða áfanga sem tengjast saman um sameiginleg og miðlæg rými skólans.

Eftirfarandi áfangaskipting er fyrirhuguð:

1. áfangi: Leikskóli og yngsta stig grunnskóla ásamt frístundheimili 1 – 9 ára. Göngu- og hjólabrú.
Heildarstærð samtals 4.850 m²
2. áfangi: Grunnskóli miðstig og unglingastig 10 – 15 ára ásamt félagsmiðstöð.
Heildarstærð samtals án íþróttarýmis 2.600 m² Íþróttamiðstöð heildarstærð 1.200 m²
Heildarstærð 1. og 2. áfangi með íþróttamiðstöð 8.650m²
3. áfangi: Möguleg stækkun á byggingunni utan kostnaðaráætlunar eru 1.300 m²

Undirbúningur og hönnun framkvæmda er áætlaður 18 – 24 mánuðir að því gefnu að ekki verði ófyrirséðar tafir. Taka þarf tillit til væntanlegra deiliskipulagsbreytinga.











Markmið og stefna

Markmiðið er að byggja nýjan samþættan leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð ásamt nýrri göngu- og hjólabrú á Fleyvangi. Mannvirkin munu þjóna nýrri Vogabyggð en gert er ráð fyrir allt að 1500 – 1900 íbúðum á svæðinu.

Á Fleyvangi verður einnig nýtt útivistarsvæði og almenningsrými borgarbúa og er útfærsla svæðisins hluti samkeppninnar. „Skólabrúin“ verður mikilvægt kennileiti fyrir svæðið og samgönguleið milli íbúðabyggðar og skóla.

Gert er ráð fyrir áfangaskiptingu framkvæmdarinnar en gera má ráð fyrir 720 nemendum að uppbyggingu lokinni.

Framkvæmdin styður við stefnu Reykjavíkurborgar um vistvæna hönnun bygginga.



Reykjavík